

Ed.

69. Nefndarátt

um frv. til laga um iðnað og iðju.

Frá allsherjarnefnd.

Eins og getið er nm í athugasemdunum við þetta frv., er það einn liður í löggjöf þeirri um atvinnu, sem byrjað var að setja á þinginu 1925. Nefndin

fellst á það, að rjett sje, að lagaákvæði sje sett um iðju og iðnaðarrekstur hjer á landi. Hún telur vel fara á því samræmi, sem í meginatriðum er á milli laganna um verslunaratvinnu frá 1925 og ákvæðanna í frv. þessu, að því er snertir grundvallarskilyrði þau, er leyfishafa ber að uppfylla til þess að hann geti fengið rekstrarleyfi og haldið því. Ennfremur um rjettindi ekkju og erfingja til að reka iðju án nýs leyfis.

Nokkrar breytingar vill nefndin láta gera á frv. Eru flestar þeirra raunar aðeins orðalagsbreytingar, þar sem nefndinni þykir fara betur á því, að breytt sje.

Viðauki sá við 6. gr., sem nefndin vill að bætt sje við greinina, er í samræmi við ákvæði sama eðlis í lögnum um verslunaratvinnu, og virðist sjálf-sagt, að því sje beitt jafnt við iðjurekstur eins og verslunarrekstur.

Að því er snertir breytingartillöguna við 23. gr. er það að segja, að nefndinni virðist með öllu óþarft, að heimild sje til þess í lögnum, að gjald fyrir iðjuleyfi eða iðnaðar geti fallið niður með öllu, en vill hinsvegar leggja það til, að gjald þetta megi færa niður um alt að helmingi þeirra upphæða, sem frv. ákveður, ef ástæður þykja vera fyrir hendi.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. 3. lið. Í staðinn fyrir »forræði í búi sínu« komi: forræði á búi sínu.
2. Við 3. gr. 4. lið. Í staðinn fyrir »verk, sem eru svívirðileg« komi: verk, sem er svívirðilegt.
3. Við 6. gr.
 - a. Í stað »arfleiðanda« í niðurlagsmálsgreininni komi: arfleifanda.
 - b. Aftan við greinina bættist: ef hann að öðru leyti fullnægir skilyrðum 3. gr.
4. Við 17. gr. 2. lið. Í stað »(sbr. 3. málsgr. þessarar gr.)« komi: (sbr. þó síðustu málsgr. þessarar gr.).
5. Við 17. gr. síðustu málsgr. Í stað orðsins »lögin« komi: lög þessi.
6. Við 23. gr. síðustu málsgr. Í stað orðanna »eða jafnvel að fella það niður með öllu« komi: alt að helmingi.
7. Við 25. gr.
 - a. Í staðinn fyrir »gjald það« komi: gjöld þau.
 - b. Í stað orðsins »iðna« komi: iðju.
8. Við fyrirsögn frv. Í staðinn fyrir »iðnað og iðju« komi: iðju og iðnað.

Alþingi, 28. febr. 1927.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari.

Jóhann Þ. Jósefsson,
framsögum.